

Fimmtudagurinn 2. desember 1999 kl. 12:00

134. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 36/1999

## **Kvörtun Góðs fólks yfir auglýsingaþætti Happdrættis DAS í sjónvarpi**

### **I.**

#### **Erindið**

Með bréfi til Samkeppnisstofnunar, dags. 25. maí 1999, kvartar auglýsingastofan Gott fólk yfir auglýsingaþætti Happdrættis DAS í ríkissjónvarpinu. Í erindinu segir m.a.:

*„Í þættinum sem sjónvarpað var að kvöldi 14. maí ...segir kynnir þáttarins m.a. að hægt sé að vinna 40 millj. kr. á einn miða. Þetta er alfarið rangt því einu líkurnar á að fá slíkan vinning er að eiga tvo miða með sama tölunúmeri. Í sama þætti kemur einnig fram að miðinn kosti 700 kr. á mánuði og því gefið í skyn að hægt sé að fá þennan vinning fyrir þetta miðaverð. Í reyndinni þarf að eiga tvo miða með sama tölunúmeri og greiða fyrir það 1.400 kr. á mánuði til að hreppa þennan vinning.*

*Hér er greinilega um villandi orðalag að ræða og því brot á 21. gr. samkeppnislaga og er þess krafist að umræddur texti verði leiðréttur og að sú leiðrétting komi fram næst þegar Happdrætti DAS sjónvarpar þætti sem þessum.“*

### **II.**

#### **Málsmeðferð**

##### **1.**

Alls sendi Gott fólk Samkeppnisstofnun fimm erindi vegna auglýsinga Happdrættis DAS. Erindin voru send happdrættinu til umsagnar með bréfi, dags. 26. maí 1999. Í bréfi, dags. 1. júní 1999, óskar Happdrætti DAS eftir

framlengingu á fresti til svara sökum umfangsmikilla erinda Góðs fólks. Jafnframt kemur fram að Happraætti DAS muni leitast við að sneiða hjá umdeilanlegum atriðum í auglýsingum þar til samkeppnisyfírvöld hafi fjallað um málið.

Samkeppnisstofnun veitti happraættinu umbeðinn frest til svara. Jafnframt var þess farið á leit að þau atriði sem Gott fólk kvartaði yfir í auglýsingum happraættisins yrðu ekki notuð í auglýsingum á meðan á málsmeðferð stæði.

## 2.

Með bréfi, dags. 21. júní 1999, frá lögmanni Happraættis DAS, Óttari Pálssyni hdl., er þess krafist að erindum Góðs fólks verði vísað frá samkeppnisyfírvöldum. Í bréfinu segir m.a.:

*„Fyrir liggur að téðar kvartanir eru lagðar fram af hálfu auglýsingastofunnar Góðs fólks...*

*Í tilefni af þessu tekur umbjóðandi okkar fram að einungis þeir sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta geta átt aðild að málum fyrir samkeppnisyfírvöldum, sbr. 9. gr. reglna nr. 672/1994 um málsmeðferð samkeppnisyfírvalda og almennar reglur stjórnsluréttar. Umbjóðandi okkar byggir á því að sá einn sem hefur einstaklega hagsmuni umfram aðra geti átt aðild að máli fyrir samkeppnisyfírvöldum og jafnframt að þeir hagsmunir verði að vera verulegir. Að mati umbjóðanda okkar hefur auglýsingastofan Gott fólk ekki augljóslega hagsmuni af þeim kvörtunum sem beinast gegn honum og ekki hefur verið leitast við að sýna fram á þá hagsmuni sérstaklega, sbr. þó skýr fyrirmæli 2. mgr. 7. gr. reglna nr. 672/1994.*

*Samkvæmt þessu er því fram haldið af hálfu umbjóðanda okkar að kvartanir auglýsingastofunnar sem slíkar verði ekki teknar til meðferðar hjá samkeppnisyfírvöldum...*

*Í ljósi þessa fer sá háttur sem hafður er á rekstri málsins í bága við áðurnefndar málsmeðferðarreglur samkeppnisyfírvalda og almennar stjórnslureglur. Málinu ber því að vísa frá samkeppnisyfírvöldum nú þegar.“*

Að auki sagði í bréfinu að kvörtun Góðs fólks sem í máli þessu er fjallað um væri þess eðlis að það félli ekki innan heimilda samkeppnisyfírvalda að verða

við henni. Samkeppnisyfirvöld hafi ekki heimildir til að krefjast leiðréttinga með þeim hætti sem Gott fólk krefjist í kvörtun sinni.

### 3.

Bréf Happprættis DAS var sent Góðu fólki til umsagnar og barst svar þeirra, dags. 5. júlí sl. Þar segir m.a.:

*„Auglýsingastofan Gott fólk annast öll auglýsingamál fyrir flokkahappprætti Happprættis Háskóla Íslands. Mikil samkeppni ríkir á íslenskum happprættismarkaði og í starfi sínu fyrir Happprætti Háskóla Íslands er Góðu fólki skylt að fylgja ákvæðum og reglum samkeppnislaga.*

*Þessar reglur móta starfsskilyrði Góðs fólks þar sem þær marka hvaða leiðir eru heimilar í kynningarstarfi og auglýsingum. Leiki vafi á að keppinautar Happprættis Háskóla Íslands fylgi sömu reglum í sínu auglýsingaefni hefur Gott fólk hagsmuni af því að fá úr því skorið hvað teljist eðlilegir viðskiptahættir og hvaða mörk samkeppnislög setja fyrirtækinu í starfi sínu fyrir viðskiptavinum sína.*

*Rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum frá keppinautum geta því haft áhrif á árangur Góðs fólks í starfi sínu og skert möguleika Góðs fólks til að gefa neytendum raunsanna mynd af eiginleikum þeirrar vöru sem fyrirtækið hefur umboð til að kynna og auglýsa.*

*Gott fólk hefur því sannanlega hagsmuna að gæta með að óska eftir álitum Samkeppnisstofnunar á þeim kærnum sem til umræðu eru...*

*Teljist vafi leika á að Gott fólk hafi lögvarða hagsmuni að gæta skal tekið fram að kærurnar eru settar fram í umboði Happprættis Háskóla Íslands og með þeirra samráði og samþykki. Ef óskað er eftir verður skriflegt umboð þess efnis sent Samkeppnisstofnun.*“

Að lokum segir að í kvörtun Góðs fólks sem hér er fjallað um sé ekki krafist leiðréttingar eða afskipta Samkeppnisstofnunar af markaðsaðgerðum Happprættis DAS, heldur þess að umrædd auglýsing verði ekki endurbirt án leiðréttingar, teljist hún brjóta gegn ákvæðum 21. gr. samkeppnislaga.

#### 4.

Í ljósi þess að fram hafði komið að erindi Góðs fólks voru send í umboði Happraættis Háskóla Íslands taldi Samkeppnisstofnun að skilyrði 7. gr. reglna um málsmeðferð, nr. 672/1994, væru uppfyllt. Stofnunin sendi því málsaðilum bréf, þann 6. júlí 1999, þar sem tilkynnt var að ákveðið hefði verið að taka málin til meðferðar. Jafnframt var Happraætti DAS veittur frestur til 14. júlí með að koma að athugasemdum og skýringum í málinu.

#### 5.

Svar barst frá Happraætti DAS, dags. 8. júlí 1999. Þar segir m.a.:

*„Í erindi kvartanda er réttilega bent á að fram hafi komið að hægt væri að vinna 40 milljónir á einn miða. Af erindinu má ráða að kvartandi telji slíkan vinning einvörðungu koma til greina ef keyptir eru tveir miðar. Þá segir að í auglýsingunni sé gefið í skyn að hægt sé að fá þennan vinning fyrir kr. 700. Kvartandi krafðist þess upphaflega að „umræddur texti verði leiðréttur og að sú leiðrétting komi fram næst þegar Happraætti DAS sjónvarpar þætti sem þessum.“ Kvartandi krefst þess hins vegar nú að „umrædd auglýsing verði ekki endurbirt án leiðréttinga, teljist hún brjóta 21. gr. samkeppnislaga“...*

*Umbjóðandi okkar tekur fram að ekki stendur til að birta umrædda auglýsingu á ný. Af þeim sökum virðist varla ástæða til að fjalla efnislega um auglýsinguna eða erindi kvartanda, einkum ef hliðsjón er höfð af kröfu hans. Umbjóðandi okkar tekur þó fram að hann telur sig ekki hafa gerst brotlegan við 21. gr. laga nr. 8/1993 og vill af því tilefni leyfa sér að koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri:*

*Þeir sem spila með í happraætti umbjóðanda okkar og eiga tvöfaldan miða eiga möguleika á vinningi að fjárhæð kr. 40.000.000. Fullyrðing umbjóðanda okkar að þessu leytinu til var því hvorki röng né villandi í skilningi 21. gr. laga nr. 8/1993 eins og kvartandi heldur fram. Við mat á því hvort auglýsing sé villandi í skilningi 21. gr. laga nr. 8/1993 ber að virða auglýsinguna heildstætt og allar upplýsingar í samhengi við aðrar upplýsingar sem þar koma fram. Vakinn er athygli á því að í téðri auglýsingu umbjóðanda okkar var gerður skýr greinarmunur á einföldum og tvöföldum miðum. Í síðasta útdrætti sagði þulan til dæmis orðrétt: „Til viðbótar eru dregnir út eitthundrað húsbúnaðarvinningar að eigin vali að upphæð kr. 10.000 eða 20.000 á tvöfaldan miða A&B.“ Umbjóðandi okkar bendir á að þessi hugtakanotkun*

hefur alls ekki óljósa merkingu í huga þeirra sem spila í happdrættum enda er fyrir hendi löng og athugasemdalaus venja. Þannig notast auglýsinganefnd, ráðgjafarnefnd samkeppnisráðs, við þessi hugtök í álitum sínum, sjá ákvörðun samkeppnisráðs nr. 15/1998, bls. 14, og þar með samkeppnisráð sjálft þar sem ráðið lýsti sig í tilvitnaðri ákvörðun sammála niðurstöðu auglýsinganefndar í öllum atriðum, sjá bls. 15.

Þá mótmælir umbjóðandi okkar því að gefið sé í skyn að hægt sé að vinna kr. 40 milljónir á miða sem kostar kr. 700. Kvartandi gerist hér sekur um það að slíta orð umbjóðanda okkar úr samhengi. Verð miðans er gefið upp í sömu setningu og sagt er að „[á] mánudaginn verði fjöldi vinninga 5 faldaður“ og því sé til mikils að vinna. Hér er vísað til næsta útdráttar í happdrættinu og ekkert annað gefið í skyn en að miðinn kosti kr. 700. Umbjóðandi okkar sér ekkert villandi við þá framsetningu og hafnar því að brotið hafi verið gegn 21. gr. laga nr. 8/1993 með henni.“

## 6.

Með bréfi, dags. 26. júlí 1999, svarar Gott fólk athugasemdum Happdrættis DAS. Í byrjun kemur fram að þrátt fyrir að í svari happdrættisins komi fram að ekki standi til að birta auglýsinguna aftur sé þörf á að samkeppnisyfirvöld taki efni hennar til efnislegrar umfjöllunar. Síðan segir m.a.:

„Í auglýsingum frá Happdrætti DAS kom fram að hæsti vinningur á einn miða væri 40 milljónir kr. Af samanburði við vinningaskrá Happdrættis DAS sést að slíkur vinningur fæst aðeins ef viðskiptavinir happdrættisins eiga tvo miða og hljóta 20 milljón kr. vinning á hvorn þeirra...

Lögmaðurinn leggur áherslu á að skýr greinarmunur hafi verið gerður á einföldum og tvöföldum miðum. Lengi má deila um það hversu skýr sá greinarmunur hafi verið en sú staðreynd stendur óhögguð að hæsti vinningur á einn miða getur aldrei orðið hærri en 20 milljónir kr., andstætt því sem haldið er fram. Ekki var gerð athugasemd við það orðalag að þeir sem ættu tvo miða með sama númeri gætu tvöfaldað vinninga sína, heldur að upphæðir á einn miða væru tvöfalt hærri en fram kemur í vinningaskrá.

Lögmaðurinn heldur því einnig fram að löng og athugasemdalaus venja sé fyrir því að tala um einfalda og tvöfalda miða. ...þótt tvöfaldir miðar hafi verið nefndir í umræddum þætti getur það ekki réttlætt það orðalag sem kært er, eða að hægt sé að vinna 40 milljónir kr. á einn miða.

*Að auki er vandséð hvað lögmanninum gengur til með því að vísa í svari sínu til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 15/1998. Þar kemur fram að skipulag flokkahappdrættanna á Íslandi sé ólíkt að því leyti á hvern hátt hægt sé að margfalda upphæð vinninga sem geri samanburð erfiðan. Hinsvegar kemur fram í úrskurðinum að öll flokkahappdrættin eigi það sammerkt að grunneining viðskiptanna er einfaldur miði og fyrir andvirði hans er hægt að vinna hæsta vinning á einfaldan miða í öllum happdrættunum. Í umfjöllun samkeppnisráðs eru einungis nefndir einfaldir miðar og trompmiði. Tvöfaldir miðar koma hvergi fyrir í þeim texta sem vísað er til.*

*Ekkert í svari lögmannsins rennir stöðum undir það að eðlilegt geti talist að tala um 40 milljóna kr. vinning á einn miða í sömu andrá og miðaverðið er kynnt fyrir viðskiptavinum sem 700 kr. á mánuði. Þessi framsetning er því bæði röng og villandi fyrir neytendur í mati sínu á valkostum á happdrættismarkaði.“*

#### 7.

Í bréfi, dags. 9. september sl., bárust athugasemdir Happdrættis DAS við bréfi Góðs fólks. Þar voru ítrekuð þau sjónarmið að skoða verði auglýsingu happdrættisins heildstætt. Í því ljósi sé að mati happdrættisins afar erfitt að ímynda sér að hún sé til þess fallin að villa um fyrir neytendum.

Í bréfi Góðs fólks, dags. 22. september, og bréfi Happdrættis DAS, dags. 13. október sl., kemur ekkert fram um mál þetta sem er hér til umfjöllunar.

#### 8.

Með bréfum, dags. 14. október 1999, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun í máli þessu væri lokið. Jafnframt var tilkynnt að málið yrði lagt fyrir auglýsinganefnd og fund samkeppnisráðs til ákvörðunar.

### III.

#### Útdráttur úr texta auglýsingaþáttar Happdrættis DAS

*„... Á þessum 45 árum hefur Happdrætti DAS náð að afla um eins og hálf milljarðs króna á núvirði með stuðningi þjóðarinnar. Þessu fé hefur verið varið í uppbyggingu Hrafnistuheimilanna. Um 400 milljónir runnu til uppbyggingar dvalarheimila um land allt í gegnum byggingasjóð aldraðra á 25 ára tímabili.*

*Það má því segja með fullri reisn að Happdrætti DAS hafi stuðlað að því að búa öldruðum áhyggjulaust ævikvöld. En því verki er hvergi nærri lokið, til að hægt verði að halda áfram á sömu braut þurfum við á stuðningi ykkar að halda. Um leið gefst möguleiki á góðum vinningum, allt frá 5.000 kr. upp í 40 milljónir og það á einn miða. Eins og flestum er kunnugt hefur Happdrætti DAS breytt út af þeirri venju að draga aðeins mánaðarlega og verður framvegis dregið fjórum sinnum í mánuði. Á eftir verður dregið um 10 milljón króna vinninga, auk fjölda annarra. Á mánudag verður vinningafjöldinn fimmfaldaður og því til mikils að vinna fyrir aðeins 700 kr. á mánuði. Heildarverðmæti vinninga í maí eru 48 milljónir króna. Það er enn hægt að fá sér miða með því að hringja...*

*Fyrst drögum við út 5 vinninga að upphæð 2 milljónir króna á tvöfaldan miða, A og B, eða ein milljón á einfaldan miða. Þetta eru bifreiðar að eigin vali og númerin sem koma upp eru... Þá drögum við út 4 vinninga á 200.000 kr. hver á tvöfaldan miða, A og B eða 100.000 kr. á einfaldan miða. Þetta eru ferðavinningar að eigin vali og númerin eru... Að lokum drögum við út 12 vinninga á 100.000 kr. á tvöfaldan miða A og B, eða 50.000 kr. á einfaldan miða. Þetta eru ferðavinningar að eigin vali og númerin eru... Til viðbótar eru dregnir út 100 húsbúnaðarvinningar að eigin vali að verðmæti 10.000 kr. eða 20.000 kr. á tvöfaldan miða... Öll vinningsnúmerin birtast svo í...*

*...því eins og áður sagði verða vinningarnir fimmfalt fleiri á mánudaginn og þá verður aðalvinningurinn auk þess 4 milljónir.“*

#### **IV.**

#### **Álit auglýsinganefndar**

Auglýsinganefnd fjallaði um mál þetta á fundi sínum, þann 18. nóvember 1999. Fund auglýsinganefndar sátu Tryggvi Axelsson, Jóhannes Gunnarsson og Sólveig Ólafsdóttir. Niðurstaða auglýsinganefndar var eftirfarandi:

*„Í texta auglýsingabáttar Happdrættis DAS kemur fram að hægt sé að vinna 40 milljónir kr. á einn miða. Auglýsinganefnd telur ljóst að til að vinna 40 milljónir kr. í Happdrætti DAS þarf viðkomandi einstaklingur að eiga báðar flokkaraðirnar, A og B, fyrir vinningsnúmerið. Til þess að eiga möguleika á 40 milljóna kr. vinningi þarf þannig að eiga tvo miða. Fullyrðingin um 40*

*milljónir kr. á einn miða er því röng og brýtur í bága við ákvæði 21. gr. samkeppnislaga.*

*Hvað varðar þá athugasemd Góðs fólks að í auglýsingaþættinum sé gefið í skyn að það kosti 700 kr. að eiga möguleika á 40 milljóna kr. vinningi telur auglýsinganefnd ljóst að sé litið á samhengi þeirrar setningar í texta auglýsingarinnar sé ekki ástæða til athugasemda. “*

## V.

### Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 2. desember 1999, var ákvörðun tekin í máli þessu. Fundinn sátu Karitas Pálsdóttir, Óðinn Elísson, Ólafur Björnsson, Sigurbjörn Magnússon og Tryggvi Axelsson.

Samkeppnisráð er sammála því áliti auglýsinganefndar að fullyrðingin sem m.a. kom fram í auglýsingaþætti Happraættis DAS í sjónvarpi um að hægt sé að vinna 40 milljónir kr. á einn miða sé röng. Fullyrðingin brýtur því í bága við ákvæði 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 þar sem m.a. segir að óheimilt sé að veita rangar upplýsingar í auglýsingum enda séu upplýsingarnar fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn vara eða þjónustu.

Í málflutningi Happraættis DAS hefur komið fram að viðkomandi auglýsingaþáttur verði ekki birtur aftur. Þrátt fyrir það telur samkeppnisráð nauðsynlegt að banna Happraætti DAS birtingu samsvarandi fullyrðinga og hér er um deilt. Þetta er gert í ljósi þess að Happraætti DAS hefur notast við áþekkar fullyrðingar í öðrum auglýsingum þar sem í raun er átt við vinninga á eitt númer en ekki á einn miða.



**VI.**  
**Ákvörðunarorð:**

**„Með vísan til 21. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og með heimild í 51. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Happraetti DAS, Tjarnargötu 10, Reykjavík, að fullyrða að hægt sé að vinna 40 milljónir kr. á einn miða þar sem slíkt er rangt.**

**Bannið tekur gildi við birtingu.“**